

Smáraskóli



Virðing - Vöxtur - Viska - Víðsýni



Starfsáætlun
skólaárið 2024-2025

Efnisyfirlit

Smáraskóli	3
Hagnýtar upplýsingar	4
Leyfi nemenda	4
Forföll eða veikindi kennara	4
Frístundaheimili Smáraskóla - Drekaheimar	4
Skólamáltíðir	5
Öryggi nemenda	5
Óhöpp eða slys.....	5
Óveður	5
Viðbragðsáætlanir	5
Sundakstur	5
Leiðarljós, einkunnarorð og áherslupættir í skólastarfinu	6
Einkunnarorð	6
Áherslupættir í skólastarfinu.....	7
UNICEF réttindaskóli og -frístund	7
Uppeldi til ábyrgðar - uppbygging sjálfsaga.....	7
Heilsuefling	8
Námskrá og námsmat.....	8
Spjaldtölvur - fjölbreyttir kennsluhættir	8
Snemmtæk íhlutun að læsi.....	9
Vinaliðaverkefni	9
Stjórnskipulag skólans.....	10
Starfsfólk skólans.....	11
Skóladagatal og skipulag.....	12
Skólakynningar í upphafi skólaárs	14
Fjölgreindaleikar Smáraskóla	14
Fullveldisdagurinn.....	14
Friðar- og ljósaganga.....	14
Vinabekkjasmvera á aðventu.....	14
Aðventa og litlu jól	14
Árshátíð.....	15
Þemadagur – UNICEF þemadagur.....	15
Vorhátíð - Smárahátíð.....	15
Hóla- og fjallaferðir	15
Félagsstarf og hagamunamtök nemenda	15

Nemendaráð.....	16
Nám og kennsla.....	17
Stuðningur við nemendur - sérkennsla.....	17
Sérúrræði	18
Íslenska sem annað tungumál – ÍSAT	18
Náms og starfsráðgjafi	19
Sálfræðiþjónusta	19
Talmeinafræðingur.....	19
Skólahjúkrunarfræðingur.....	19
Önnur sérfræðiþjónusta.....	19
Heimanámsstefna.....	19
Starfsáætlun nemenda	21
Námsmatsstefna Smáraskóla.....	22
Val nemenda í 8. - 10. bekk	25
Skólabragur	25
Skólareglur Smáraskóla.....	27
Hjól, hlaupahjól og hjólabretti.....	28
Farsímar	28
Stundvísi og góð ástundun	28
Nefndir og ráð.....	28
Skólaráð	28
Nemendaverndarráð.....	29
Samstarf heimila og skóla.....	30
Foreldrafélag	30
Innra mat.....	32
Símenntunaráætlun starfsfólks.....	32
Rýmingaráætlun.....	33

Starfsáætlun Smáraskóla 2024-2025 var lögð fyrir og samþykkt á skólaráðsfundi 6. nóvember 2024

Smáraskóli

Smáraskóli tók til starfa 1994. Smáraskóli er heildstæður grunnskóli fyrir nemendur í 1.-10. bekk. Hann er staðsettur í Smárahverfinu í Kópavogi, nánar tiltekið við Dalsmára 1, í næsta nágrenni við Íþróttahúsið í Smáranum.

Heimilisfang: Dalsmári 1, 201 Kópavogur

Sími: 441-4800

Netfang: smaraskoli@kopavogur.is

Heimasíða: www.smaraskoli.is

Skólastjóri: Börkur Vígbórsson

Aðstoðarskólastjóri: Anna Björg Ingadóttir

Ritari: Þóra Elín Helgadóttir

Húsvörður: Vilhjálmur Páll Pálmason

Sími í frístundaheimili: 441-4832 og 825-5955

Sími í félagsmiðstöð: 696-1624 (theba@itk.is)

Aðstaða í Smáraskóla er að mestu leyti góð en þó er þörf á auknu húsnæði. Einkum er þörf úrbóta hvað varðar mótuneyti og matsal nemenda auk umbóta á starfsmannarými.

Skólinn er hlýlegur og ágætlega búinn kennslugögnum og tækjum. Hann nýtur góðs af nálægð við Íþróttahúsin Smáran og Fífuna en þangað sækja nemendur íþróttatíma. Skólasund fer fram í Sundlaug Kópavogs.

Skólinn er í fallegu umhverfi sem eykur möguleika á fjölbreyttri kennslu, s.s. útikennslu af ýmsu tagi. Útivistarsvæði er víða í nágrenni skólans og má þar nefna Kópavogsdalinn, fjöruna við voginn, tjörnina í dalnum, fjölbreytt íþróttasvæði Breiðabliks o.s.frv.

Heimasíða Smáraskóla hefur vefslóðina; <http://www.smaraskoli.is>.

Foreldrar, nemendur og aðrir hafa greiðan aðgang að upplýsingum um skólastarfið. Á vefnum er að finna tilkynningar frá skólanum, skóladagatal, fréttir, myndir úr skólalífinu o.fl. Einnig er Smáraskóli með facebooksíðu; <https://www.facebook.com/Smaraskoli/?fref=ts> sem ýmsar tilkynningar og fréttir fara inn á.

Umsjón með heimasíðu skólans hefur Geir Sverrisson deildarstjóri upplýsingatækni.

HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR

Fjöldi nemenda haustið 2024 er 505. Nemendafjöldi milli árganga er misjafn, 41 nemandi er í fámennasta árgangi skólans en 64 í þeim fjölmennasta. Reynslan sýnir að nemendafjöldi getur tekið þó nokkrum breytingum á skólaárinu.

Við skólann starfa 75 starfsmenn í um 70 stöðugildum.

Skólahúsið opnar fyrir nemendur kl. 8:00 og er hafragrautur í boði fyrir nemendur, foreldra og starfsfólk kl. 8:05-8:25. Kennsla stendur yfir virka daga frá kl. 8:30-15:00.

Skrifstofa skólans er opin frá 7:45-15:30 mánudag til fimmtudags en 7:45 – 14:30 á föstudögum.

Leyfi nemenda

Foreldrar/forráðamenn skila ósk sinni um leyfi á sérstökum eyðublöðum og skili til skólastjórnenda ef þeir fara fram á leyfi fyrir börn sín sem nemur 2 **skóladögum** eða meira. Umsjónarkennari veitir leyfi í einn dag ef ástæða þykir til. Einnig er hægt að senda inn rafrænar leyfisbeiðnir í gegnum Mentor.

“Sæki foreldrar skólaskylds barns um tímabundna undanþágu þess frá skólasókn í einstökum námsgreinum eða að öllu leyti er skólastjóra heimilt að veita slíka undanþágu telji hann til þess gildar ástæður. Foreldrar skulu þá sjá til þess að nemandinn vinni upp það sem hann kann að missa úr námi meðan á undanþágu stendur.”

Úr lögum nr. 91/2008 um grunnskóla, 15. gr.

Forföll eða veikindi kennara

Ef um skammtímaforföll eða veikindi hjá kennara er að ræða, er kennari sem er ekki í kennslu á þeim tíma fenginn til að hlaupa í skarðið. Reynt er að manna forföll hjá nemendum á öllum stigum jafnt en í einhverjum tilfellum getur þurft að fella niður kennslu hjá elstu nemendum skólans en það er þó mjög fátítt. Þeir nemendur fá aðstöðu til að bíða í skólanum eða leyfi til að fara heim í slíkum eyðum.

Frístundaheimili Smáraskóla - Drekaheimar

Drekaheimar - frístundaheimili Smáraskóla er opið alla skóladaga frá lokum skóladags til kl. 16:30. Einnig er opið á þremur af fimm starfsdögum kennara.

Jónína Sveinbjarnardóttir er forstöðumaður Drekaheima. Netfang; joninas@kopavogur.is og sími 441 4832 og 825 5955.

Starfsemi Drekaheima fer fram í lausum kennslustofum á lóð skólans; Smáraseli, Fífuseli og Kópaseli. Börnunum er skipt í hópa eftir aldri og er hópstjóri með hverjum hóp.

Leitast er við að hafa starfið í Drekaheimum með öðrum áherslum en því sem fram fer í skólaumhverfinu en þannig að nemendur hafi af því bæði gagn og gaman. Starfsmenn leggja grunninn að starfinu á haustin.

Skipulag starfsins: Börnin eru skráð inn í Drekaheima. Ef nemanda vantar er gengið úr skugga um hvort viðkomandi er veikur. Hringt er í forráðamann ef engin skýring finnst. Börn á frístundaheimilinu fá síðdegishressingu í matsal skólans.

Markmið starfsins er:

- Að börn geti unað sér í skapandi umhverfi við leik og störf.
- Að þau læri að bera virðingu hvert fyrir öðru og temji sér almenna kurteisi.

Nánari upplýsingar um starfið í Drekaheimum má finna á slóðinni

<https://smaraskoli.is/thjonusta/fristund/>

Skólamáltíðir

Nemendum stendur til boða að fá heitan mat í hádeginu. Skólamáltíðir í grunnskólum Kópavogs eru gjaldfrjálsar en forráðamenn skrá nemendur í mataráskrift. Fyrirtækið Skólamatur sem sér um skólamáltíðir í Smáraskóla. Allar upplýsingar og skráning er á heimasíðu þeirra: www.skolamatur.is. Matseðill er birtur á heimasíðu skólans. Brauð og fleira er selt í morgunfrímínútum til elstu nemenda í sölulúgu unglingadeildar, Geithálsi.

Öryggi nemenda

Frímínútnagæsla

Gæsla er í frímínútum sem kennarar, stuðningsfulltrúar og skólaliðar sjá um.

Aðstoðarskólastjóri skipuleggur gæsluna og hefur umsjón og eftirlit með henni í samvinnu við umsjónarmann fasteigna. Skólinn er þátttakandi í Vinaliðaverkefni þar sem nemendur sjálfir ásamt verkefnisstjóra skipuleggja útivist og bjóða upp á fjölbreytta leiki í frímínútum. Ef foreldrar telja að barni þeirra líði einhverra hluta vegna ekki vel í frímínútum eru þeir hvattir til að láta umsjónarkennara vita.

Allir nemendur fyrir utan nemendur í 8. - 10. bekk eiga að fara út í frímínútur. Unglingar hafa val um að vera inni kjósi þeir það frekar. Nauðsynlegt er að börnin séu klædd með tilliti til veðurs svo þau geti notið útiverunnar. Ef nemandi má ekki fara út en hefur heilsu til að mæta í skólann verða skilaboð að koma um það frá forráðamanni.

Óhöpp eða slys

Verði áföll eða slys á skólatíma er strax haft samband við foreldra. Ef einhver bið er á að foreldrar geti komið gerir skólinn ráðstafanir við hæfi.

Óveður

Ávallt er neyðarúrræði að fella niður kennslu vegna veðurs. Foreldrar meta sjálfir hvort þeir telji óhætt að senda börnin í skólann vegna veðurs en þeim ber að tilkynna það til skólans eins og önnur forföll. Ef óveður skellur á meðan nemendur eru í skólanum þurfa foreldrar að sækja börn sín eða tryggja þeim heimför í samráði við skólann. Sjá nánar upplýsingar á heimasíðu skólans og á <https://www.shs.is/hvad-get-eg-gert/roskun-a-skolastarfi>

Viðbragðsáætlanir

Á heimasíðu skólans www.smaraskoli.is er að finna ýmsar viðbragðsáætlanir sem ætlað er að tryggja öryggi nemenda okkar t.d. áætlanir vegna viðbragða við jarðskjálftum og gosmengunar.

Sundakstur

Fyrirtækið Teitur Jónasson ehf. annast akstur nemenda í Sundlaug Kópavogs þar sem sundkennsla skólans fer fram. Símanúmer þeirra er 515 2700. Ef nemendur gleyma eigum sínum í sundrúttunni þá biðjum við foreldra um að snúa sér beint til fyrirtækisins í leit að þeim munum.

LEIÐARLJÓS, EINKUNNARORÐ OG ÁHERSLUÞÆTTIR Í SKÓLASTARFINU

Leiðarljós

Í skólastarfinu hefur *menntun og mannrækt* ætíð verið höfð að leiðarljósi.

- Smáraskóli er skóli þar sem öllum á að líða vel, jafnt börnum, starfsmönnum og foreldrum.
- Við viljum að jafnvægi, kurteisi og virðing einkenni samskipti allra í skólasamfélaginu.
- Við viljum að það ríki friður í skólaumhverfinu.
- Við einbeitum okkur að mannrækt og að sýna hvert öðru hlýju.
- Við tölum alltaf fallega hvert um og hvert við annað.
- Við erum jákvæð gagnvart skólanum og leggjum okkur fram við að skapa gott skólastarf og gott skólaumhverfi.
- Við leggjum áherslu á tillitssemi og við hlustum hvert á annað.
- Við reynum að vera réttisýn hvert við annað.
- Við mótum okkur stefnu til að fara eftir og fylgjum henni vel eftir.
- Við spyrjum spurninga og leitum upplýsinga þegar við þurfum á að halda, til að halda rósemi okkar.

Einkunnarorð

Gildin sem Smáraskóli byggir starf sitt á endurspeglast í einkunnarorðum skólans og ýta undir jákvæðan skólabrag. Einkunnarorðin eru; **virðing** - **vöxtur** - **viska** - **víðsýni**.

Virðing

Virðing er undirstöðugildið. Á þeim grunni byggist starfið í Smáraskóla. Í virðingunni sameinast öll önnur gildi sem starfsmenn skólans vilja að höfð séu í heiðri.

Sameiginleg gildi eru mikilvæg fyrir okkur sem erum hluti af þeirri menningarheild sem Smáraskóli er og það eru gildin sem gæða verkin merkingu.

Við berum ábyrgð á lífinu í skólanum og okkar eigin lífi.

Fræðsla um gildi er undirstöðuatriði í þroska barns. Án þessarar fræðslu verður námið merkingarlaust. Þegar börnin skynja ekki merkingu með námi sínu missa þau áhugann og skólaganga þeirra ber ekki tilætlaðan árangur fyrir þau sjálf og samfélagið.

Til að börnin skilji hvað felst í virðingu og öðrum sammannlegum gildum er mikilvægt að foreldrar, kennarar, þjálfarar, starfsmenn í félagsmiðstöðvum og aðrir fullorðnir sem barnið umgengst sýni gott fordæmi og gefi barninu tækifæri til að upplifa gildin í raunveruleikanum. Góðar fyrirmyndir er mikilvægar í uppeldi þar sem byggt er á gildum eða dyggðum.

Vöxtur - Að gera allt framúrskarandi vel!

Markviss menntun stefnir að því að kenna barninu að temja sér framúrskarandi vinnubrögð. Barn sem gerir þetta að leiðarstefi í lífi sínu verður betur í stakk búið til að þroska hæfileika sína til fulls og ná framúrskarandi árangri.

Afburða færni getur orðið *norm* og við getum náð framúrskarandi árangri á öllum sviðum með samstarfi, með aukinni áherslu á skilning og með því að spyrja *hvers vegna*, ekki eingöngu *hvernig* og *hvað*. Gott samstarf kennara - nemenda - foreldra er mikilvægt og beita þarf markvissri hvatningu sem beinist jafnt að árangri og viðleitni.

Viska

Hvetja verður börnin til að leggja sitt af mörkum til að bæta heiminn. Þegar barn lærir að sinna umhverfi sínu og þeim sem þurfa á hjálp að halda styrkist sjálfsmynd þess og það fær hvatningu sem skólagangan ein og sér getur ekki veitt því.

Kynna verður börnunum náttúruna og kenna þeim að meta hana.

Gefa þarf börnunum tækifæri til að þjóna öðrum og sýna þeim fram á gildi samstarfs í verki.

Víðsýni

Börn sem eru að vaxa úr grasi á 21. öldinni verða að læra að sjá þjóðlega og menningarlega fjölbreytni sem kost en ekki galla og tileinka sér virðingu fyrir öllu lífi. Ást og virðing fyrir öðrum, góð samskiptahæfni og sannur skilningur er undirstaða hnattræns skilnings. Fræðsla um menningu og hefðir getur ekki í sjálfu sér orðið grundvöllur einingar. Kenna verður börnunum að virða lífið og elska náunga sína hvort sem þau þekkja þá eða ekki. Hvort sem þeim geðjast að þeim eða ekki.

Þetta snýst um vilja til samvinnu, um kærleik og jákvætt viðhorf til náungans.

Börnin læra að verða víðsýn þar sem áhersla er lögð á fjölbreytileika, fræðslu um menningarheildir, trúarbrögð og siði og þar sem jafnrétti bekkja og kynja til menntunar er tryggð. En einnig er mikilvægt að efla samskipti við nemendur í öðrum skólum hvort sem er innanlands eða utan.

Áherslupættir í skólastarfinu

Á grunni leiðarljóssins og ofangreindra einkunnarorða leggur skólinn áherslu á eftirfarandi verkefni.

UNICEF réttindaskóli og -frístund

Á skólaárinu heldur áfram innleiðing verkefnisins UNICEF réttindaskóli og -frístund.

Réttindaskóli UNICEF er hugmyndafræði og hagnýtt verkefni fyrir skóla- og frístundastarf sem tekur mið af Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og miðar að því að auka virðingu, vernd og framkvæmd mannréttinda. Skólar, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar sem vinna verkefnið leggja sáttmálann til grundvallar í öllu starfi sínu; skipulagningu, stefnumótun og starfsháttum.

Markmið Réttindaskóla er að byggja upp lýðræðislegt umhverfi með því að rækta með markvissum hætti þekkingu, leikni og viðhorf sem hjálpar börnum að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í nútímasamfélagi. Með þetta að markmiði eru grunnforsendur Barnasáttmálans útgangspunktur fyrir allar ákvarðanir í skóla- og frístundastarfi auk þess sem þær endurspeglast í samskiptum barna, ungmenna, kennara, frístundaráðgjafa og annars starfsfólks.

Uppeldi til ábyrgðar - uppbygging sjálfsaga

Uppeldisstefna skólans *Uppbygging sjálfsaga* leggur áherslu á jákvæð samskipti fremur en reglur, á ábyrgð fremur en blinda hlýðni og á virðingu fremur en stjórnugjöf. Treyst er á hæfileikann til sjálfstjórnar og að hver og einn geti hugsað áður en hann framkvæmir og brugðist rétt við aðstæðum.

Áhersla er lögð á að allir starfsmenn séu meðvitaðir og samtaka um uppeldisstefnu skólans og vinni markvisst að því að láta þau gildi sem að baki standa einkenna skólabrag skólans og vinnu með nemendum.

Uppbygging sjálfsaga hvetur hvern og einn til að taka ábyrgð á eigin orðum og gerðum.

Aðferðin nýtist við bekkjarstjórnun þar sem allir fá að vaxa og njóta sín. Leitast er við að ná samstöðu um lífsgildi til að hafa að leiðarljósi og fylgja þeim síðan eftir með fáum skýrum reglum. Spurt er bæði hvernig við viljum vera og hvað við þurfum að gera til að ná eigin markmiðum í sátt og samlyndi við samferðarmenn.

Heilsuefling

Smáraskóli er þátttakandi í verkefninu *Heilsueflandi grunnskólar* og því er unnið markvisst að því að skólinn móti og vinni eftir heildrænni stefnu um heilsueflandi skólastarf. Sérstakt vinnuteymi heilsueflingar í Smáraskóla stýrir þessari vinnu í skólanum.

Skólinn er einnig þátttakandi í verkefnum á borð við *Göngum í skólann* og *Lífshlaupinu*, ásamt því að nemendur taka iðulega þátt í *Norræna skólahlaupinu* sem við nefnum *Smáraskólahlaupið* á haustin.

Hvað varðar mataræði nemenda þá eru nemendur m.a. hvattir til að neyta ávaxta og grænmetis í nestistímum á morgnana ásamt því að skólinn býður öllum nemendum sem það vilja að borða hafragraut á morgnana áður en skóli hefst þeim að kostnaðarlausu.

Námskrá og námsmat

Undanfarin ár hefur farið fram mikil vinna við að innleiða nám og kennslu út frá hæfniviðmiðum aðalnámskrár grunnskóla frá 2011. Allir nemendur fá námsmat út frá hæfniviðmiðum og á það að vera sýnilegt foreldrum í Mentor. Foreldrasamtöl um námsframvindu o.fl. eru í október og febrúar og í lok skólaárs fá allir nemendur hæfnieinkunn á hverju námssviði.

Spjaldtölvur - fjölbreyttir kennsluhættir

Grunnskólar Kópavogs eru spjaldtölvuvæddir. Nemendur frá 5. bekk hafa eigin spjaldtölvur til afnota í námi sínu og yngri árgangar hafa hver um sig aðgengi að bekkjarsettum. Áhersla er lögð á þjálfun og menntun kennara og starfsfólks svo áframhaldandi þróun kennsluhátta gangi sem best fyrir sig. Upplýsingatækniteymi skólans og deildarstjóri í upplýsingatækni eru starfsfólki innan handar.

Snemmtæk íhlutun að læsi

Kennarar á yngra stigi Smáraskóla vinna kerfisbundið með lestur og læsi út frá skimunum og öðrum prófum sem gefin eru út af Menntamálastofnun. Út frá niðurstöðum skimunar/prófanna er unnin aðgerðaáætlun fyrir sérhvern nemandahóp og nemendur staðsettir í lestrarhópa. Nokkrar kennslustundir á viku eru ætlaðar til þessarar vinnu í hverjum árgangi fyrir sig.

Nemendur verða skimaðir í leshraða, lesskilningi, lestri út frá hljóðaaðferð og lestri út frá rithætti. Nemendur í 3. og 7. bekk eru skimaðir með þáttum úr LOGOS lestrargreiningartækinu. LOGOS kannar meðal annars sértæka náms- og lestrarörðugleika.

Í þessu verkefni verður lögð mikil áhersla á samvinnu heimila og skóla. Mismundi áherslur eru í verkefninu yfir skólaárið sem kynntar verða foreldrum jafnóðum.

Vinaliðaverkefni

Smáraskóli vinnur með Vinaliðaverkefnið. Verkefnið gengur út á að nemendur í 4. - 7. bekk stjórna leikjum í útivist. Þeir nemendur sem stjórna leikjunum nefnast vinaliðar. Þeir eru valdir af bekkjarfélögum sínum og starfa í hálft skólaár. Þeir fá sérstaka þjálfun fyrir sín störf og einnig umbun.

Aðalmarkmiðið með verkefninu er að hvetja nemendur til meiri þátttöku í afþreyingu og almenntri hreyfingu í útivist og skapa um leið betri skólaanda. Einnig að bjóða öllum nemendum skólans fjölbreyttara úrval afþreyingar í útivist, svo að bæði yngri og eldri nemendur skólans finni eitthvað við sitt hæfi. Verkefnisstjóri, Telma Ýr Birgisdóttir leiðir verkefnið hér í Smáraskóla í vetur.

STJÓRNSKIPULAG SKÓLANS

Skólanum er skipt í þrjú stig, yngsta stig (1. - 4. bekkur), miðstig (5. - 7. bekkur) og elsta stig (8. - 10. bekkur).

Skólastjóri er Börkur Vígþórsson (borkurv@kopavogur.is)

Aðstoðarskólastjóri er Anna Björg Ingadóttir (anna.bjorg.ingadottir@kopavogur.is)

Deildarstjóri yngri árganga er Erla Björk Pálsdóttir (erlab@kopavogur.is)

Deildarstjóri eldri árganga er Björg Jónsdóttir (bjorgjionsdottir@kopavogur.is)

Deildarstjóri stoðþjónustu er Heiða Gunnarsdóttir (heidag@kopavogur.is)

Deildarstjóri upplýsingatækni er Geir Sverrisson (geirs@kopavogur.is)

Stjórnun- skipulag

Skólastjóri - Börkur	Ábyrgð á faglegu starfi og rekstri skólans
Aðst.skólastjóri – Anna Björg	Staðgengill skólastjóra. Sinnir ýmsum stjórnunarlegum verkefnum í samvinnu og samráði við skólastjóra og deildarstjóra.
Deildarstjóri yngra stigs – Erla Björk	Heldur utan um faglegt samstarf samræmingu og skipulag á yngra stigi og þau málefni árganganna sem ekki falla undir verksvið deildarstjóra stoðþjónustu.
Deildarstjóri eldra stigs – Björg	Heldur utan um faglegt samstarf samræmingu og skipulag á eldra stigi og þau málefni árganganna sem ekki falla undir verksvið deildarstjóra stoðþjónustu.
Deildarstjóri stoðþjónustu - Heiða	Heldur utan um, skipuleggur og samræmir stoðþjónustu.
Deildarstjóri upplýsingatækni - Geir	Faglegur leiðtogi í upplýsingatækni og veitir kennslufræðilega- og tæknilega ráðgjöf og stuðning. Hefur umsjón með tæknibúnaði skólans
Húsvörður- Vilhjálmur	Umsjón með viðhaldi og rekstri húsnæðis. Heldur utan um og skipuleggur störf skólaliða.
Forstöðum, frístundar- Jónína	Umsjón og skipulag starfs frístundaheimilisins Drekaheima.

Starfsfólk skólans

Nafn	Starfsheiti
Anna Björg Ingadóttir	Aðstoðarskólastjóri
Anna Lára Hansen	Umsjónarkennari
Anna Snæbjörnsdóttir	Sérkennari
Anna Þórunn Guðmundsdóttir	Umsjónarkennari
Árni Fannar Kristinsson	Stuðningsfulltrúi
Árni Rúnar Þorvaldsson	Grunnskólakennari
Ásdís María Ástudóttir	Skóla- og frístundaleiðbeinandi
Ásdís Ósk Smáradóttir	Stuðningsfulltrúi
Ásta Magnúsdóttir	Grunnskólakennari
Baldur Már Stefánsson	Grunnskólakennari
Berglind Brynjarsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Binný Skagfjörð Einarsdóttir	Umsjónarkennari
Birna Kristín Kristjánsdóttir	Skóla- og frístundaleiðbeinandi
Bjartur Þór Helgason	Stuðningsfulltrúi
Björg Jónsdóttir	Deildarstjóri
Börkur Vígbórsson	Skólastjóri
Emilía Sigurðardóttir	Grunnskólakennari
Erla Björk Pálsdóttir	Deildarstjóri
Erna Björk Einarsdóttir	Umsjónarkennari
Erna Rós Bragadóttir	Sérkennari
Eyrún Ósk Magnúsdóttir	Þroskaþjálfari
Fjola Lind Jónsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Geir Sverrisson	Deildarstjóri
Geirlaug Geirlaugsdóttir	Sérkennari
Guðbjörg Sigurðardóttir	Umsjónarkennari
Guðjón Dunbar D. Þorsteinsson	Skóla- og frístundaleiðbeinandi
Guðmundína Kolbeinsdóttir	Umsjónarkennari
Guðrún Bentína Frimannsdóttir	Stundkennari
Guðrún Dröfn Ragnarsdóttir	Sérkennari
Guðrún Helga Guðlaugsdóttir	Umsjónarkennari
Gunnar Breki Mýrdal Gunnarsson	Skóla- og frístundaleiðbeinandi
Hafðís Línal	Aðstoðarforstöðumaður frístundar
Halldóra Elín Magnúsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Heiða Gunnarsdóttir	Deildarstjóri
Helga María Hallgrímsdóttir	Sérkennari
Hildur Sigurðardóttir	Umsjónarkennari
Hrefna Björg Óskarsdóttir	Sérkennari
Íris Dögg Jónsdóttir	Umsjónarkennari
Íris Rut Sigurbergisdóttir	Umsjónarkennari
Jafet Egill Gunnarsson	Grunnskólakennari
Jónína Sveinbjarnardóttir	Forstöðumaður frístundar
Kristín Friðriksdóttir	Umsjónarkennari
Kristín Gunnarsdóttir	Grunnskólakennari
Kristín Inga Hrafnisdóttir	Námsráðgjafi

Kristín Jóna Kristjónsdóttir	Umsjónarkennari
Kristín Sigurðardóttir	Umsjónarkennari
Kristján Reynir Kristjánsson	Grunnskólakennari
Lilja Leósdóttir	Skólaliði
Lilja Sesselja Steindórsdóttir	Grunnskólakennari
Magnús Orri Sæmundsson	Umsjónarkennari
Nína Margrét Andersen	Þroskaþjálfari
Ólína Rákel Þorvaldsdóttir	Bókasafnsfræðingur
Pétur Arnar Pálsson	Skóla- og frístundaleiðbeinandi
Ragnar Smári Sigurþórsson	Skóla- og frístundaleiðbeinandi
Regína Júlíusdóttir	Frístundaleiðbeinandi
Róbert Haraldsson	Umsjónarkennari
Rósa Dögg Ómarsdóttir	Umsjónarkennari
Rósa Ragnarsdóttir	Umsjónarkennari
Rut Ragnarsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Sigríður Pálsdóttir	Skólaliði
Sigrún Ásta Halldórsdóttir	Skóla - og frístundaleiðbeinandi
Sigrún Sesselja Óskarsdóttir	Skóla - og frístundaleiðbeinandi
Sigrún Snædal Logadóttir	Umsjónarkennari
Sigurbjörg Eyjólfsson	Umsjónarkennari
Sigurlaug Sigurðardóttir	Grunnskólakennari
Símon Geir Þorsteinsson	Grunnskólakennari
Steinunn Gerður Kristjánsdóttir	Umsjónarkennari
Steinunn Sif Jónsdóttir	Umsjónarkennari
Svanhildur T. Bryngeirsdóttir	Sérkennari
Telma Ýr Birgisdóttir	Grunnskólakennari
Viktor Elmar Gautason	Stuðningsfulltrúi
Vilhjálmur Páll Pálmason	Umsjónarmaður fasteigna
Þorbjörg Kristjánsdóttir	Umsjónarkennari
Þóra Elín Helgadóttir	Skólaritari
Þórunn Anna Ólafsdóttir	Umsjónarkennari

SKÓLADAGATAL OG SKIPULAG

AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚÁR	FEBRÚÁR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ
1 F	1 S	1 D Fjölgreindaleikar	1 F	1 S Fjölgreindaleikar	1 M Hátíðadagur	1 L	1 L	1 D	1 F Hátíðadagurinn	1 S
2 F	2 M	2 M Fjölgreindaleikar	2 L	2 M	2 F	2 S	2 S	2 M	2 F	2 M Síðmennadagurinn
3 L	3 D	3 F	3 S	3 D	3 F Skipulagsdagur	3 M	3 M Balladagur	3 F	3 L	3 D
4 M	4 M	4 F	4 M	4 M	4 L	4 D	4 D	4 F	4 S	4 M
5 M Frídagur varðlosumanna	5 F	5 L	5 D	5 F	5 S	5 M	5 M Mörkudagur	5 L	5 M	5 F Skólaslit
6 D	6 F	6 S	6 M	6 F	6 M Þriðjudagur	6 F Dagur ískólans	6 F	6 S	6 D UNICEF þemadagur	6 F Skipulagsdagur
7 M	7 L	7 M Skipulagsdagur	7 F	7 L	7 D	7 F Dagur ískólans	7 F	7 M	7 M	7 L
8 F	8 S Dagur ískólans	8 D	8 F Þriðjudagur og upptökuhlé	8 S	8 M	8 L	8 L	8 D	8 F	8 S Hátíðadagurinn
9 F	9 M Smáraskóli 30 ára	9 M	9 L	9 M	9 F	9 S	9 S	9 M	9 F	9 M Annar ískólans
10 L	10 D	10 F	10 S	10 D	10 F	10 M	10 M	10 F	10 L	10 D Skipulagsdagur
11 S	11 M	11 F	11 M	11 M	11 L	11 D	11 D	11 F	11 S	11 M
12 M	12 F	12 L	12 D	12 F	12 S	12 M	12 M Skipulagsdagur	12 L	12 M	12 F
13 D	13 F	13 S	13 M Skipulagsdagur	13 F	13 M	13 F	13 F	13 S Þriðmennadagur	13 D	13 F
14 M	14 L	14 M	14 F	14 L	14 D	14 F	14 F Dagur ískólans	14 M	14 M	14 L
15 F Skipulagsdagur	15 S	15 D	15 F	15 S	15 M	15 L	15 L	15 D	15 F	15 S
16 F Skipulagsdagur	16 M Dagur ískólans á höfðinu	16 M	16 L Dagur ískólans á höfðinu	16 M	16 F	16 S	16 S	16 M	16 F Skipulagsdagur	16 M
17 L	17 D	17 F	17 S	17 D	17 F	17 M	17 M	17 F Skipulagsdagur	17 L	17 D Fjölgreindaleikar
18 S	18 M	18 F	18 M	18 M	18 L	18 D	18 D	18 F Fjölgreindaleikar	18 S	18 M
19 M Skipulagsdagur	19 F	19 L	19 D	19 F	19 S	19 M	19 M	19 L	19 M	19 F
20 D Skipulagsdagur	20 F	20 S	20 M	20 F Jólaskemmtanir	20 M	20 F	20 F	20 S Þriðjudagur	20 D	20 F
21 M Skipulagsdagur	21 L	21 M	21 F	21 L	21 D	21 F	21 F	21 M Annar ískólans	21 M	21 L
22 F Skipulagsdagur	22 S	22 D	22 F	22 S	22 M	22 L	22 L	22 D	22 F	22 S
23 F Skólaferðir	23 M	23 M	23 L	23 M	23 F	23 S	23 S	23 M	23 F	23 M
24 S	24 D	24 F Vatnaeyfi	24 S	24 D	24 F Vatnaeyfi	24 M	24 M	24 F Sumardagurinn fyrsti	24 L	24 D
25 L	25 M	25 F Vatnaeyfi	25 M	25 L	25 M	25 L	25 L	25 F	25 S	25 M
26 M	26 F	26 S	26 D	26 F	26 S	26 M	26 M	26 L	26 M	26 F Fjölgreindaleikar í skóla (GTH)
27 D	27 F	27 S	27 M	27 F	27 M	27 F	27 F	27 S	27 D	27 F
28 M	28 L	28 M	28 F	28 L	28 D	28 F	28 F	28 M	28 M Vorhátíð	28 L
29 F	29 S	29 D	29 F	29 S	29 M	29 L	29 L	29 D	29 F Upptökuhlé	29 S
30 F	30 M	30 M	30 L	30 M	30 F	30 S	30 S	30 M	30 F	30 M
31 L	31 F	31 F	31 D	31 D	31 F	31 M	31 M	31 L	31 L	31 L

Skóladagar nemenda eru 180. Skipulagsdagar á starfstíma nemenda eru 5. Þá daga er engin kennsla en frístund er opin í þrjá daga af þessum fimm fyrir þá nemendur sem þar eru skráðir. Alls eru 10 dagar á starfstíma nemenda þar sem stundatafla er brotin upp

Skýringar með skóladagatali:

Skipulagsdagar utan starfstíma nemanda: 15. - 22. ágúst 2024 og 6. - 10. júní 2025.

Skólaferðir: föstudaginn 23. ágúst

Kennsla hefst samkvæmt stundaskrá: mánudaginn 26. ágúst.

Fjölgreindaleikar Smáraskóla: 1. og 2. október (styttri viðvera nemenda).

Foreldra- og nemendaviðtöl: Eftir skólatíma 14. - 18. október og 3. - 7. febrúar. Nemendur mæta með foreldrum sínum í viðtöl.

Jólatréskemmtanir - Litlu jól: Styttri viðvera nemenda. 19. desember kl. 20:00 (8. - 10. bekkur) og 20. desember (1. - 7. bekkur).

Jólaleyfi nemenda: 21. desember til og með 3. janúar.

Öskudagsskemmtun: 5. mars (styttri viðvera nemenda).

Páskaleyfi nemenda: 12. apríl til og með 21. apríl.

Þemadagur: 6. maí, Þverfagleg vinna í tengslum við UNICEF réttindaskóla og -frístund (styttri viðvera nemenda)

Skólakynning fyrir foreldra væntanlegra 1. bekkinga: Um miðjan maí (auglýst síðar).

Vorhátíð: 28. maí, (styttri viðvera nemenda)

Skólaslit: fimmtudaginn 5. júní

Vetrarleyfi: 24. og 25. október og 24. - 25. febrúar.

Skipulagsdagar á starfstíma/frídagur nemenda: 7. október, 13. nóvember, 3. janúar, 12. mars og 16. maí.

Skólakynningar í upphafi skólaárs

Í upphafi skólaárs eru ávallt kynningar fyrir foreldra á skólastarfinu. Umsjónarkennarar sjá um kynningarnar í sínum árgöngum. Kynningarnar eru 10. - 20. september.

Fjölgreindaleikar Smáraskóla

Fjölgreindaleikar Smáraskóla verða haldnir 1. og 2. október. Þeir eru hugsaðir sem góð og skemmtileg tilbreyting í skólastarfi. Nemendur skólans fá þar tækifæri til að kynnast utan bekkja og árganga. Með fjölgreindaleikunum er verið að sýna fram á að allir hafi sínar sterku hliðar og eigi að fá tækifæri á að njóta sín. Á fjölgreindaleikunum er reynt að vinna með allar greindirnar og skapa hverjum og einum skemmtileg og fjölbreytt verkefni.

Allir nemendur skólans taka þátt. Þeim er skipt í hópa þvert á skólann. Hóparnir vinna á mismunandi stöðvum hvorn dag sem leikarnir standa yfir. Stöðvarnar eru bæði inni í skólabyggingunni og í íþróttahúsinu.

Hver hópur fær u.þ.b. 10 mínútur á hverri stöð og til að koma sér á þá næstu, þannig að gera má ráð fyrir að unnið sé í u.þ.b. 8 mín á stöð.

Fyrirliðar úr 10. bekk eru skipaðir fyrir leikana og sjá um utanumhald á sínum hópi.

Stöðvarnar eru þannig uppbyggðar að sem allra flestir eigi möguleika á að taka þátt á hverri stöð.

Dagur íslenskrar tungu

Í kringum dag íslenskrar tungu 16. nóvember er Stóra upplestrarkeppnin í 7. bekkjum Kópavogs sett formlega. Þá hefst einnig vinna á Litlu upplestrarkeppninni í 4. bekk.

Fullveldisdagurinn

Fullveldisdagurinn er haldinn hátíðlegur þann 1. desember eða sem næst þeim degi. Dagana fyrir sjálfan fullveldisdaginn vinna nemendur ákveðið verkefni í máli og myndum eða tónlist s.s. um sögu íslenska fánans, skjaldarmerki Íslands, Íslandsklukkuna, Jón Sigurðsson eða Jónas Hallgrímsson. Í tengslum við þessa vinnu er venjan að standa fyrir opnu húsi fyrir foreldra þar sem afrakstur vinnunnar er sýndur. Þá sjá 10. bekkingar um veitingasölu og rennur ágóðinn í ferðasjóð þeirra.

Friðar- og ljósaganga

Snemma í desember verður gengið um Kópavogsdalinn með ljós (kyndla, luktir, vasaljós o.s.frv.) í nafni friðar og kærleika. Í tengslum við gönguna, verður ávarp tengt friði og sungin friðarlög og árstíðartengdir söngvar.

Vinabekkjasmvera á aðventu

Á aðventunni verður vinabekkjasmvera í umsjá skólastjóra/-stjórnenda. Vinaárgangar hittast og eiga notalega samverustund. Lesin/sögð saga og sungið saman o.s.frv. Mandarínur, piparkökur og djús í boði.

Aðventa og litlu jól

Vikurnar fyrir jól er mikill spenningur í nemendahópnum. Hefð er fyrir því að nemendur í 7. bekk leiki hefðbundnu íslensku jólasveinana og oft sjá ungir nemendur á yngsta stigi til þeirra úr kennslustofum sínum þar sem þeir eru að paufast á skólalóðinni eða þeim bregður fyrir í dyragættinni. 6. bekkingar undirbúa helgileik með aðstoð umsjónarkennara sinna.

Jólatrésskemmtanir fara fram síðasta dag fyrir jól og eru þrír árgangar saman á hverri skemmtun. 7. bekkingar aðstoða við skemmtanirnar. Daginn fyrir jólatrésskemmtanir eru

stofufjól. Þá fá nemendur heitt súkkulaði inn í stofurnar, fá jólakort, heyra jólasögur o.fl. Það sama kvöld er hefðbundin jólaskemmtun á unglingastigi.

Árshátíð

Árshátíðir yngsta stigs og miðstigs verða haldnar í síðustu viku fyrir páska. Þá hittast nemendur á sal og njóta skemmtiatriða sem þeir hafa undirbúið. Á árshátíðardegi koma nemendur með sparinessi. Árshátíð félagsmiðstöðvarinnar þebu er ætluð elstu nemendum og þangað mæta þrúðbúnir nemendur 8. -10. bekkja.

Þemadagur – UNICEF þemadagur

Þann 6. maí er stundatafla brotin upp og unnið með UNICEF réttindaskóla verkefnið og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna á margvíslegan hátt. Vinna við innleiðingu UNICEF réttindaskóla og er í gangi í Smáraskóla og Bæjarstjórn Kópavogs hefur samþykkt að innleiða Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun í stefnu Kópavogsbæjar.

Vorhátíð - Smárahátíð

Vorhátíð skólans er haldin 28. maí. Nemendahópurinn skiptist á hinar ýmsu stöðvar sem settar hafa verið upp á skólalóð skólans, s.s. skák, dans, andlitsmálun, reiptog og körfubolta. Nemendur fara stöð af stöð. Nemendur 7. bekkjar hafa umsjón með stöðvunum. Hátíðin endar á því að starfsfólk og nemendur borða saman grillaðar pylsur. Nemendur í 10. bekk eru aðstoðarmenn í grillinu og við stöðvarnar.

Hóla- og fjallaferðir

Frá stofnun skólans hefur eitt af markmiðum skólans verið að efla útivistaráhuga nemenda og gefa þeim tækifæri til að upplifa einstæða náttúru landsins okkar.

Á þessu skólaári verður í það minnsta farið í 5 lengri ferðir með eldri nemendum skólans.

Nemendur í 6. bekk fara árlega í Gróttuferð að vori og gist er eina nótt. Um er að ræða náttúruskoðunarferð og fara nemendur á hjólum frá skólanum.

Nemendur í 7. bekk fara í skólabúðirnar að Reykjum og stendur sú ferð í fjóra skóladaga.

Nemendur í 8. bekk fara í Laugavegsgöngu í ágúst. Um er að ræða 4 daga gönguferð þar sem nemendur fá tækifæri til að kynna einstæðri náttúru á hálendi Íslands.

Nemendur í 10. bekk fara í útskriftarferð að vori þar sem þeir gista saman og taka þátt í skemmtilegri afþreyingu.

Í samstarfi skólans og Foreldrafélagsins er áformað að fara með nemendur í stuttar gönguferðir á fjöll, hóla eða hæðir í nágrenni höfuðborgarsvæðisins.

Félagsstarf og hagsmunsamtök nemenda

Félagsmiðstöðin í Smáraskóla heitir Þeba. Markmið í starfi félagsmiðstöðva er að veita unglingum aðstöðu til að stunda öflugt, skipulagt og uppbyggilegt tómstunda og félagsstarf undir handleiðslu fagfólks. Lýðræðishugsjónin fái að njóta sín og unglingarnir hvattir til að koma virkir að innra starfinu, taki þátt í ákvörðunartöku og beri ábyrgð á því. Unnið sé markvist að forvörnum og fræðslu og lögð sé rækt við vináttu og virðingu. Fastur opnunartími félagsmiðstöðvanna fyrir nemendur í 8. - 10. bekk er mánudaga og miðvikudaga frá kl. 17:00-18.30 og 19:30-22:00. Einnig er opið annan hvern föstudag frá kl. 20:00-23:00. Opið er fyrir nemendur í 6. og 7. bekk aðra hverja viku. Forstöðukona þebu er Guðrún Svava Baldursdóttir.

Nemendaráð

Nemendaráð Smáraskóla starfar samkvæmt 10. grein laga um grunnskóla frá 12. júní 2008. Þar stendur:

Við grunnskóla skal starfa nemendafélag og er skólastjóri ábyrgur fyrir stofnun þess. Nemendafélag vinnur m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda og skal skólastjóri sjá til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Nemendafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð skv. 2. mgr. 8. gr.

Í nemendaráði sitja fulltrúar nemenda í 6. - 10. bekk. Stefnt er að virkri þátttöku þessara nemenda í stefnumótun um verksvið nemendaráðs og hlutverk þess í skólastarfinu.

NÁM OG KENNSLA

Nám og kennsla miðar að því að ná tilteknum hæfniviðmiðum, bæði þeim sem grunnskólalög og aðalnámskrá kveða á um sem og þeim markmiðum sem nemendur, kennarar og skólinn setja sér. Skýr viðmið/markmið eru forsenda þess að nemendur taki sjálfir frumkvæði og ábyrgð á eigin námi og vinni sjálfstætt. Val á kennsluaðferðum og skipulag skólastarfs miðast við þá skyldu grunnskóla að sjá hverjum nemanda fyrir bestu tækifærum til náms og þroska. Við val á kennsluaðferðum er haft í huga hvernig þær falla að viðfangsefnum og þjóna þeim hæfniviðmiðum sem stefnt er að hverju sinni.

Leitast er við að kennslan taki mið af þörfum og reynslu einstakra nemenda og efli með þeim námfýsi og vinnugleði. Leitast er við að efla hæfni nemenda og þekkingu og byggja upp sem heilsteypasta sjálfstæða einstaklinga með trausta menntun og þjálfun til að takast á við frekara nám. Áhersla er lögð á virkni nemenda í námi og að nemendum séu kennd vinnubrögð við að afla sér þekkingar.

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar við skipulagningu náms og kennslu:

- Að taka tillit til mismunandi námshátta nemenda og hafa vinnubrögð sem fjölbreytilegust til að allir fái notið sín en þjálfist jafnframt í vinnubrögðum sem eru þeim ekki tóm.
- Að hafa fjölbreytileg vinnubrögð innan hverrar greinar, en ekki binda ákveðin vinnubrögð við tiltekin viðfangsefni.
- Að námið taki mið af mismunandi getu einstaklinga og beitt skal námsaðlögun þegar þörf krefur.
- Að nemendur þjálfist við lausn verkefna sem krefjast vinnubragða sem einstaklingur, sem hluti af bekkjardeild, sem hópur og sem hluti af pari.
- Að skapa nemendum skilyrði til náms þar sem þeir eru virkir og *læri að læra* þ.e. að afla sér þekkingar í síbreytilegu þjóðfélagi.

Teymiskennsla er það fyrirkomulag kennsluhátta sem gengið er út frá og litið er á hvern árgang sem eina heild. Í 1.- 7. bekk hefur teymi tveggja til þriggja kennara umsjón með námi og kennslu árgangsins á öllum sviðum nema skólaíþróttum og list- og verkgreinum. Misjafnt getur verið hvernig kennarateymi skipta með sér umsjón nemenda en tryggt er að allir nemendur hafi í það minnsta einn umsjónarkennara.

Á unglingastigi ráða faggreinar meiru og fara nemendur á milli kennslustofa til faggreinakennara. Notaðir eru fjölbreyttir starfshættir með markvissu og skapandi starfi. Faggreinakennarar eiga gott samstarf um skipulagningu kennslu, heimavinnu og námsmats.

Stuðningur við nemendur - sérkennsla

Í Smáraskóla er leitað allra leiða til þess að nemendur geti stundað nám við sitt hæfi í skólanum. Í sérkennslu eru námsþarfir nemandans greindar. Markmið eru sett fyrir hvern nemanda eða nemendahóp og kennsluáætlun gerð í samræmi við þroska, getu og námslega stöðu nemandans og er hún endurskoðuð reglulega. Leitast er við að námsefni og námshraði eru við hæfi hvers og eins. Skólinn leggur áhersla á markvisst og gott samstarf milli starfsfólks skólans og foreldra. Sérkennslan fer fram á skólatíma og er skipulögð í lengri eða skemmri tíma eftir þörfum nemandans.

Í sérkennslu felst m.a.:

- Gerð námsáætlunar fyrir einstaka barn eða hópa í samvinnu við umsjónarkennara og foreldra.
- Kennsla samkvæmt námsáætlun.
- Mat á árangri og regluleg endurskoðun á námsáætlun og kennslu.
- Ráðgjöf og samvinna við kennara.
- Ráðgjöf sem miðar að því að nám í bekk nýtist sem best.
- Ráðgjöf og samvinna við foreldra barna með sérþarfir.
- Greining á forsendum náms í íslensku og stærðfræði.

Námsgögn fara eftir þörfum hvers og eins, ýmist námsgögn bekkjarins eða sérútbúin verkefni. Samræmi er á milli námsgagna og hæfniviðmiða í einstaklingsnámskrá.

Í sérkennslu fer fram símat, þ.e.a.s. námsmat fer fram jafnt og þétt og er þannig notað sem leiðsögn um framhaldið. Námsmat fer einnig fram í bekkjum nemendanna. Börnum með lestrarörðugleika er boðið að þreyta próf munnlega og/eða fá lengri próftíma.

Umsjónarkennarar sækja um sérkennslu fyrir þá nemendur sem þeir telja að þurfi á henni að halda. Foreldrar geta einnig haft samband við umsjónarkennara og/eða sérkennara og óskað eftir stuðningi eða sérkennslu fyrir börn sín. Slíkar óskir eru teknar til skoðunar og metið hvernig brugðist er við þeim

Sérúrræði

Við Smáraskóla eru nokkrir sérkennarar og þroskaþjálfar. Þeir sinna kennslu og þjálfun nemenda með tilteknar sértækar þarfir í námi, leik og félagslegum samskiptum. Sérkennsla og sértæk þjálfun fer sem mest fram í árgöngum nemenda en einnig býr skólinn yfir nokkrum litlum námsverum sem nýst geta smærri hópum. Heiða Gunnarsdóttir er deildarstjóri stoðþjónustu.

Íslenska sem annað tungumál – ÍSAT

Í Lögum um grunnskóla og Aðalnámskrá grunnskóla er sérstaklega fjallað um hvernig standa skuli að móttöku erlendra nemenda í 16. grein laga nr. 94/2008. Þar kemur fram að nemendur með annað móðurmál en íslensku eigi rétt á kennslu í íslensku sem öðru máli (ÍSAT).

Nemendur Smáraskóla fá kennslu samkvæmt viðmiðum Kópavogsbæjar um fjölda kennslustunda í samræmi við úthlutunarreglur. Fjöldi kennslustunda miðast einnig við færni nemenda í íslensku miðað við viðmið fyrir námsgreininga í 19. kafla í Aðalnámskrá grunnskóla. Gera má ráð fyrir að nemendur fylgi hæfniviðmiðum í íslensku sem öðru tungumáli í tvö til fjögur ár allt eftir þörfum og námsframvindu hvers nemanda. Ísat nemendur skólans fá aðlöguð verkefni í öðrum námsgreinum miðað við stöðu þeirra og færni en skólinn leggur á það áherslu að allir kennarar skólans séu íslenskukennarar. Í Smáraskóla eru þrír kennarar sem sérhæfa sig í kennslu í íslensku sem öðru tungumáli. Helstu verkefni eru eftirfarandi:

- Fylgja verkferlum sem lýst er í Handbók um móttöku nemenda með annað móðurmál en íslensku í grunnskólum Kópavogs.
- Skipuleggja og sjá um kennslu ÍSAT nemenda skólans.
- Skipuleggja móttökuviðtöl fyrir nemendur og aðstandendur þeirra.
- Setja upp einstaklings stundaskrár og námsáætlanir.

- Framkvæma stöðumat og skipuleggja úrvinnslu og eftirfylgni í samræmi við niðurstöður.
- Skipuleggja kennslu eftir hæfniviðmiðum og stöðu hvers nemanda.
- Sinna ráðgjöf og samvinnu við alla kennara skólans.
- Vinna að námsefnisgerð og þróun námsefnis í takt við hæfni nemenda.
- Framkvæma símat.
- Aðstoða foreldra við að aðlagast íslensku samfélagi og veita þeim ráðgjöf t.d. varðandi íþróttaiðkun og tómstundastarf barna sinna.
- Aðstoða umsjónarkennarar við upplýsingagjöf til foreldra t.d. varðandi heimanám, námslega stöðu, ferðir á vegum skólans, íslenskar hefðir, uppbrot í skólastarfi o.s.frv.
- Leggja Milli mála próf fyrir alla nemendur með annað móðurmál en íslensku sem hafa dvalið í tvö ár eða lengur á Íslandi. Prófið er einnig langt fyrir snúbúa (íslensk börn sem hafa dvalið erlendis í fimm ár eða lengur). Fyrirlögn á Milli mála prófinu er gerð árlega að hausti í 1. bekk, 4. bekk, 7. bekk og 9. bekk.

Náms og starfsráðgjafi

Náms og starfsráðgjafi er mikilvægur samstarfsaðili kennara og stjórnenda um ýmsa þætti er varða nám og velferð nemenda. Námsráðgjafi er einnig trúnaðarmaður nemenda og til hans geta þeir leitað án fyrirvara. Kristín Inga Hrafnisdóttir er náms- og starfsráðgjafi skólans. Hún er við alla virka daga nema mánudaga frá 8.00-16.00 og beinn sími er 441 4811.

Sálfræðipjónusta

Sérkennarar og/eða skólastjórnendur leita eftir sálfræðipjónustu eftir tilvísun frá kennara og að fengnu leyfi foreldra. Verksvið sálfræðings er mjög vítt en hann sinnir fyrst og fremst greiningum og ráðgjöf. Atli Viðar Bragason er sálfræðingur skólans. Hann er við í skólanum frá kl. 8:00-16:00 á mánudögum og þriðjudögum í vetur.

Talmeinafræðingur

Í gegnum árin hefur talmeinafræðingur komið í skólann einu sinni í viku, séð um greiningar og unnið með þeim nemendum sem falla undir viðmið sveitarfélagsins vegna slíkrar þjónustu. Eyrún Rakel Agnarsdóttir er talmeinafræðingur skólans. Hún er við frá kl. 8:00-16:00 á fimmtudögum í vetur.

Skólahjúkrunarfræðingur

Brynhildur Guðmundsdóttir er skólahjúkrunarfræðingur Smáraskóla. Hún er með viðveru á mánudögum kl. 8-12, þriðjudögum kl. 13-16, miðvikudaga kl. 8-12, fimmtudaga kl. 8-14 og föstudaga kl. 8-14.

Önnur sérfræðipjónusta

Smáraskóli leitar eftir þeirri sérfræðiaðstoð sem þurfa þykir hverju sinni. Má þar nefna kennsluráðgjafa menntasviðs, atferlisráðgjafa og aðra þjónustu og fræðslu frá sérfræðingum Menntasviðs.

Heimanámsstefna

Yngsta stig (1. - 4. bekkur)

Markmið heimanáms er:

- Að efla lestrarfærni nemenda og því er daglegur heimlestur mikilvægur og undirstaða alls náms.
- Að gefa foreldrum/forráðamönnum tækifæri til að taka þátt í og fylgjast með námi barna sinna.
- Að nemendur rifji upp, ígrundi og þjálfði það sem þau hafa lært í skólanum.
- Að auka sjálfstæði nemenda, ábyrgð og skipulagshæfni.
- Að heimanámið sé sniðið af þörfum hvers og eins og sé áhugavert, fjölbreytt og skemmtilegt.

Foreldrar geta m.a. aðstoðað barn sitt við heimanám með því að:

- hlusta á barnið lesa á hverjum degi, spyrja út úr lesnum texta og láta nemendur endursegja.
- hvetja til vandvirkni.
- sýna námi barnsins áhuga.

Mið- og elsta stig (5. - 10. bekkur)

Markmið heimanáms er:

- Að auka sjálfstæði nemenda og ábyrgð á eigin námi.
- Að gefa foreldrum tækifæri til að taka þátt í og fylgjast með námi barna sinna.
- Að nemendur þjálfði sig og undirbúi fyrir kennslustundir.

Lestur er undirstaða alls náms og lestur til yndis og fræðslu skal vera hluti af heimanámi alla skólagöngu nemenda í Smáraskóla.

Heimanám á að vera viðráðanlegt öllum nemendum og má ekki vera íþyngjandi eða byrði á heimilum nemenda. Mikilvægt er að ræða við umsjónarkennara ef upp koma vandamál vegna heimanáms.

Í 8. - 10. bekk er ein 60 mínútna stund á viku svokölluð vinnustund og er hún á sama tíma í öllum árgöngum. Þar hafa nemendur tækifæri á að vinna námsverkefni að eigin vali. Þetta er m.a. gert til þess að jafna möguleika nemenda á aðstoð við heimanáms- og skilaverkefni.

STARFSÁÆTLUN NEMENDA

Kennslustundafjöldi (40 mín) nemenda miðað við heilt skólaár er 30 stundir á viku í 1. - 4. bekk, 35 stundir hjá nemendum í 5. - 7. bekk og 37 stundir hjá nemendum í 8. - 10. bekk.

Skólahúsnæðið er opnað kl. 8:00 á morgnana. Kennsla hefst að jafnaði kl. 8:30 hjá öllum nemendum. Skóladegi nemenda í 1. - 4. bekk lýkur alla jafna kl. 13:30 en nemendur í 5. - 7. bekk ljúka sínum skóladegi að jafnaði kl. 14:10. Nemendur á unglingastigi ljúka degi á mismunandi tímum.

Hver kennslustund í Smáraskóla er í flestum tilfellum 60 mínútur að lengd. Undantekningar frá því eru skólaíþróttir og list- og verkgreinar frá og með 5. bekk.

Á Mentor.is finna foreldrar stundaskrár nemenda í hverjum bekk. Hjá nemendum í 1. - 7. gefa bekkjartöflurnar nokkuð heildstætt yfirlit en í 8. - 10. bekk eru nemendur með einstaklingstöflur þar sem hluti af þeirra námi er einstaklingsbundið val. Þó skal tekið fram að talsvert er um að unnin séu þverfagleg verkefni og gefur þessi tafla því ekki fullkomna mynd af skólastarfinu hvað einstaka námsgrein eða námssvið snertir.

Stundatöflum nemenda í 1. - 7. er í grunninn ekki skipt á einstaka bóklegar greinar og geta verið breytilegar milli tímabila. Það er gert til þess að auka möguleika á sveigjanleika og þverfaglegri kennslu. Viðmiðunarstundaskrá aðalnámskrár er þó höfð til hliðsjónar til þess að tryggja öllum námssviðum tilskilið rými í námi nemenda.

Oft er unnið að verkefnum með spjaldtölvur og því eru það talsvert margir tímar þar sem unnið er að því að ná ýmsum hæfniviðmiðum sem falla undir upplýsinga- og tæknimennt þó þeir tímar séu ekki sérstaklega skilgreindir sem slíkir. Sérstök áhersla verður lögð á þjálfun nemenda í fingrasetningu.

Námsáætlanir á einstaka námssviðum og í einstaka námsgreinum má finna á heimasíðu skólans ásamt bekkjarnámskrám hvers árgangs.

Úr aðalnámskrá grunnskóla

Námsmat veitir upplýsingar um árangur barna og ungmenna við að uppfylla markmið náms, örvar þau til frekari dáða og nýtist kennurum og starfsfólki við að stuðla að frekari framförum í námi.

Mat á árangri og framförum barna og ungmenna er reglubundinn þáttur í skólastarfi, órjúfanlegur frá námi og kennslu (bls. 27-28).

Tilgangur námsmats

- Með námsmati er fylgst með því hvernig nemendum tekst að ná almennum hæfniviðmiðum aðalnámskrár, þeir örvaðir til framfara og metið hvaða aðstoð þeir þurfa.
- Tilgangur námsmats er að vera kennurum, nemendum og foreldrum þeirra til leiðsagnar um áframhaldandi nám og kennslu.

Forsendur námsmats

- Námsmat þarf að vera réttmætt og áreiðanlegt. Tryggja þarf að allt námsmat sé þannig úr garði gert að það meti það sem það á að meta á áreiðanlegan hátt.
- Meta þarf alla þætti námsins, þekkingu, leikni og hæfni með hliðsjón af hæfniviðmiðum í aðalnámskrá.
- Gera skal grein fyrir viðmiðum námsmats í skólanámskrá þannig að nemendum, foreldrum og öllum starfsmönnum skóla sé ljóst hvaða kröfur eru gerðar og hvernig skólinn hyggst meta hvernig þær eru uppfylltar.
- Námsmat á að endurspegla áherslur í kennslu og taka mið af nemendahópnum og gefa nemendum færi á að sýna hæfni sína á fjölbreyttan hátt.

Framkvæmd námsmats

- Meta skal námsframvindu á fjölbreyttan hátt, þannig að matsaðferðir hæfi þeim hæfniviðmiðum sem meta á.
- Nemendum þarf að vera ljóst hvaða viðmið eru lögð til grundvallar í matinu.
- Matsaðferðir þurfa að endurspegla áherslur í kennslu og taka mið af nemendum.
- Áhersla er lögð á leiðsagnarmat þar sem nemendur velta reglulega fyrir sér námi sínu með kennurum sínum til að nálgast eigin markmið í náminu og ákveða hvert skuli stefna.

Í Smáraskóla er lögð áhersla á að námsmat fari fram jafnóðum eftir því sem náminu vindur fram og að það birtist nemendum og foreldrum jafnharðan

Allir nemendur fá námsmat út frá hæfniviðmiðum og hæfnikort hvers nemanda er sýnilegt foreldrum og nemendum í Mentor. Foreldrasamtöl um námsframvindu og fleiri þætti skólagöngunnar eru í október og febrúar og í lok skólaárs fá allir nemendur hæfnieinkunn á hverju námssviði á útprentuðu vitnisburðarblaði.

Nánar er fjallað um kennsluhætti og námsmat í hverri faggrein í námsáætlunum árganga sem eru hluti af Skólanámskrá Smáraskóla sem finna má á heimasíðu.

Hæfniviðmið

Í Aðalnámskrá grunnskóla er að finna hæfniviðmið við lok 4., 7. og 10. bekkjar sem nám og kennsla í grunnskólum skal miðast við. Í Smáraskóla hefur hæfniviðmiðum námskrárinnar

verið skipt á árganga og framsetning námsáætlana árganga verið samræmd. Námsáætlanir eru aðgengilegar á heimasíðu skólans.

Hæfnieinkunn

Hæfnieinkunn er gefin með kvarða fimm orða og tákna í 1.-7. bekk en með bókstöfum í 8.-10. bekk. Stefnt er að því að nemendur nái tilskilinni hæfni í hverri námsgrein. Táknið fyrir „hæfni náð“ er í unglingadeild bókstafurinn B. Nemendur fá því einungis umsögnina „Framúrskarandi“ eða bókstafina B+ eða A ef þeir sýna hæfni umfram það sem til er ætlast.

Námsmatskvarði

Hæfnitákn eru myndræn í 1.-7. bekk en í 8.-10. bekk birtast hæfnitákn sem bókstafir A-D

Hæfnitákn 1.-7. bekkur	Skilgreining	Hæfnitákn 8.-10. bekkur
Framúrskarandi 	<i>Framúrskarandi hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs. Nemandi getur nýtt hæfni sína í mismunandi og fjölbreyttum verkefnum og miðlað henni áfram til annarra.</i>	A
Hæfni náð 	<i>Góð hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs. Nemandi getur nýtt hæfni sína í fjölbreyttum verkefnum.</i> <i>B+ er notað í 8.-10. bekk þegar hæfni er sambærileg þeirri lýsingu sem á við einkunnina B og að hluta til þeirri lýsingu sem á við einkunnina A.</i>	B B+
Á góðri leið 	<i>Nemandi nær að nýta sér hæfni í kunnuglegum verkefnum og aðstæðum og þarf aðstoð, en er á góðri leið.</i> <i>C+ er notað í 8.-10. bekk þegar hæfni er sambærileg þeirri lýsingu sem á við einkunnina C og að hluta til þeirri lýsingu sem á við einkunnina B.</i>	C+
Þarfnast þjálfunar 	<i>Sæmileg hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs. Nemandi þarf aukna þjálfun og aðstoð við að tileinka sér hæfni.</i>	C
Ábótavant, hæfni ekki náð 	<i>Hæfni og frammistöðu í námi ábótavant með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs, EÐA nemandi hefur ekki verið í skólanum eða ekki skilað vinnuframlagi og því ekki sýnt fram á hæfni.</i>	D

Nánar er fjallað um kennsluhætti og námsmat í hverri faggrein í bekkjarnámskrám sem eru hluti af Skólanámskrá Smáraskóla sem finna má á heimasíðu hans. Á heimasíðunni má einnig finna kennsluáætlanir allra námsgreina í hverjum árgangi skólans.

VAL NEMENDA Í 8. - 10. BEKK

Valgreinar í unglingadeild skulu vera allt að fimmtungur kennslustunda nemenda á aldurstiginu. Valgreinar í Smáraskóla eru skipulagðar með þeim hætti að nemendur velja tvær valgreinar á hvorri önn sem kenndar eru 80 mínútur í senn í 14 vikur. Leitast er við að bjóða upp á fjölbreytt úrval valgreina. Á skólaárinu hafa nemendur val á milli 19 mismunandi valáfanga bæði bóklegra og verklegra.

Að auki hafa allir nemendur unglingadeildar vikulega 60 mínútur á sinni stundaskrá í svokallaða vinnustund. Í vinnustund hafa nemendur val um hvaða viðfangsefnum námsins þeir vinna að undir leiðsögn umsjónarkennara en hafa að auki möguleika á að leita til annarra fagkennara stigsins.

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla er heimilt að meta skipulegt nám sem stundað er utan grunnskóla t.d. nám við framhaldsskóla, listaskóla og málaskóla. Einnig er heimilt að meta reglubundna þátttöku í íþróttum, félagslífi eða skipulögðu sjálfboðaliðastarfi. Ef nemandi óskar eftir að slíkt sé metið í stundatöflu þarf alltaf að skila inn þar til gerðu blaði sem fæst hjá ritara og verður þjálfari/kennari að staðfesta það.

Nánari upplýsingar um valgreinar er að finna á heimasíðu skólans

<https://smaraskoli.is/nemendur/valgreinar/>

SKÓLABRAGUR

Í Smáraskóla hefur verið ákveðið að vinna samkvæmt Uppbyggingarstefnunni eða *Uppeldi til ábyrgðar - uppbygging sjálfsaga*. Með því móti telur starfsfólk skólans sig best geta uppfyllt þá skyldu að ala upp og mennta sjálfstæða einstaklinga með sterka og góða sjálfsmynd. Þá þarf einnig að vanda vel til allra samskipta og hafa samskiptareglur skýrar og aðgengilegar.

Uppbyggingarstefnan er aðferðafræði Diane Gossen og samstarfsfólks hennar og miðar að því að breyta skólamenningu og agastjórnun, stefnan er einkum reist á kenningum William Glassers.

Meginatriðið er að kenna börnum og unglingum sjálfsaga, sjálfstjórn og ýta undir sjálfstraust.

Uppbygging sjálfsaga leggur áherslu á jákvæð samskipti fremur en reglur, á ábyrgð fremur en blinda hlýðni og á virðingu fremur en stjórnugjöf. Treyst er á hæfileikann til sjálfstjórnar og að hver og einn geti hugsað áður en hann framkvæmir og brugðist rétt við aðstæðum.

Uppbygging sjálfsaga hvetur hvern og einn til að taka ábyrgð á eigin orðum og gerðum. Aðferðin nýtist við bekkjarstjórnun þar sem allir eiga að fá að vaxa og njóta sín. Í samskiptum er unnið með ábyrgð og virðingu í stað reglna og umbunar.

Þarfahringurinn er stór þáttur í starfinu en þar er einmitt fjallað um að allir hafi þörf fyrir að tilheyra, hafa áhrif, vera frjálsir, lifa við öryggi og gleði. Séu þessar þarfir ekki uppfylltar getur skapast vanlíðan sem getur svo aftur leitt til slæmrar hegðunar. Þetta er aðferð við að ná jafnvægi og innri styrk eftir að hafa beitt samferðamenn sína rangindum eða lent upp á kant við þá.

Mistök eru óumflýjanleg, slys eru hluti af lífinu. Uppbygging gerir manni kleift að endurheimta sjálfsvirðingu með eigin viðleitni. Uppbygging er í þágu þess sem hefur verið

rangindum beittur; hún er líka í þágu þess sem hefur beitt annan rangindum.

Það er í lagi að gera mistök. Allir gera mistök í lífinu, hvort sem um er að ræða börn eða fullorðna, nemendur eða starfsfólk. Það skiptir öllu máli hvernig við ætlum að bæta fyrir þau. Leitast er við að ná samstöðu um lífsgildi til að hafa að leiðarljósi og fylgja þeim síðan eftir með fáum skýrum reglum. Spurt er bæði hvernig við viljum vera og hvað við þurfum að gera til að ná eigin markmiðum í sátt og samlyndi við samferðamenn.

Til að rækta jákvæðan skólabrag og halda honum þarf skipulag og kennslufyrirkomulag að vera í sífelldri endurskoðun og þróun. Nemendur og starfsfólk þurfa að vinna þétt saman og einblína í sameiningu á þau markmið sem sett eru í náminu og skólastarfinu. Eins er afar mikilvægt að hlusta á raddir nemenda og gefa þeim tækifæri til að taka þátt í mótun skólasamfélagsins.

Í vetur eru á dagskrá bekkjarfundir með nemendum ásamt *Skólaþingi* þar sem fulltrúar nemenda og starfsfólks koma saman og ræða skólastarfið og starfsandann í skólanum okkar. Smáraskóli er þátttakandi í verkefninu *Heilsueflandi grunnskólar* þar sem hugað er að andlegri og líkamlegri heilsu nemenda. Með því móti erum við að undirstrika mikilvægi þess að vinna markvisst með þætti í skólastarfinu er lúta að því að auka heilbrigði og vellíðan nemenda.

SKÓLAREGLUR SMÁRASKÓLA

Almenn umgengni

Við göngum snyrtilega um skólann okkar.

Við förum úr útiskóm og setjum þá á sinn stað.

Við hengjum yfirhafnir á snaga.

Við neytum matar í nestis- og matartímum á viðeigandi stöðum.

Allir skulu hjálpast að við að hafa snyrtilegt í kringum sig og viðhafa góða borðsiði.

Samskipti og háttsemi

Við sýnum öllu starfsfólki og hvert öðru kurteisi, tillitssemi og virðingu.

Við förum eftir fyrirmælum kennara og starfsfólks skólans.

Stundvísi og ástundun

Við mætum á réttum tíma í allar kennslustundir.

Við leggjum okkur fram við námið og sýnum metnað í að gera ávallt okkar besta.

Við mætum með viðeigandi námsgögn í kennslustundir.

Hollusta og heilbrigði

Við komum vel út hvíld og með hollt nesti í skólann.

Við komum ekki með sæta drykki, gos eða sælgæti í skólann nema við sérstaklega auglýst tækifæri.

Við hvorki notum né höfum meðferðis; tóbak, áfengi eða önnur vímuefni á starfsvettvangi Smáraskóla.

Ábyrgð nemenda

Við slökkvum á farsímum og öðrum hljóðgjöfum í kennslustundum og geymum ofan í skólatösku. Öll slík tæki eru á ábyrgð nemenda.

Við notum ekki hjól, vélhjól, hlaupahjól, hjólabretti eða línuskauta á skólalóð á skólatíma. Slík tæki eru á ábyrgð nemenda og foreldra.

Við förum ekki út af skólalóðinni á skólatíma nema með leyfi kennara.

Við komum ekki með eldfæri, hnífa eða annað í skólann sem getur skaðað nemendur eða aðra í skólanum.

Réttindi og skyldur

Við eigum rétt á vinnufrið í kennslustundum.

Við stríðum ekki og **leggjum ekki í einelti**.

Við virðum og förum eftir settum reglum.

Skólareglur gilda einnig í öllum ferðum og skemmtunum á vegum skólans

Viðbrögð við brotum á skólareglum:

Ef nemandi ögrar, þrasar, lendir í rifrildi, truflar athafnir, leiki eða vinnu annarra. Hann gengur illa um og notar særandi eða niðrandi orðbragð.

- *Þá ræðir starfsmaður (kennari eða aðrir starfsmenn) við nemandann, honum er leiðbeint og gefið tækifæri til að leiðrétta mistök sín. Upplýsingar gefnar til umsjónarkennara sem skráir í Mentor.*

Ef nemandi neitar að fylgja fyrirmælum, er ókurteis, hrekkir og stríðir öðrum eða lendir í stympingum.

- *Hefur umsjónarkennari samband heim til foreldra ásamt því að skrá í Mentor. Ef nemandi sýnir ekki breytingu á hegðun sinni þá kallar umsjónarkennari foreldra á sinn fund ásamt barninu.*

Ef nemandi sýnir ógnandi hegðun, lendir í slagsmálum eða skemmir eigur annarra eða skólans.

- *Er viðkomandi nemandi færður til deildarstjóra og rætt við hann. Umsjónarkennari skráir atvikið í Mentor og lætur foreldra vita. Láti nemandi sér ekki segjast ræðir deildarstjóri við nemandann um bættu hegðun ásamt foreldrum. Jafnvel gerir nemandi samning þar sem hann lýsir því hvernig hann ætlar að bæta sig. Að viku liðinni er metið hvernig gengur að fara eftir samningnum. Niðurstöður skráðar í Mentor.*

Hjól, hlaupahjól og hjólabretti

Notkun hjóla, vélhjóla, hlaupahjóla, hjólabretta eða línuskauta er ekki leyfð á skólasvæðinu á skólatíma. Við hvetjum nemendur til að koma á hjólum í skólann en á meðan á skólatíma stendur þurfa hjólin að vera læst við hjólagrindur. Nemendur mega einnig koma á hlaupahjólum/hjólabrettum ef þeir læsa þeim við hjólastanda úti og nota ekki á skólatíma. Engin geymsla er í skólanum fyrir hlaupahjól/hjólabretti og þau geta ekki verið í fatahengjum stofanna vegna þrengsla. Skólinn tekur ekki ábyrgð á týndum eða skemmdum farartækjum. Nemendur hafa þau meðferðis á eigin ábyrgð. Ef nemendur eru á þess háttar farartækjum í skólanum viljum við hvetja til þess að þeir noti þar til gerðan hlífðarútbúnað. Línuskautar og skór á hjólum eru hvorki leyfðir á lóð skólans né inni í honum.

Farsímar

Nemendur nota síma sína ekki á skólatíma. Þeir sem velja að taka símana með í skólann geyma þá ýmist í töskum, læstum hölfum eða á skrifstofu skólans. Símar nemenda eru alfarið á eigin ábyrgð þeirra og foreldra þeirra.

Stundvísi og góð ástundun

Mikilvægt er að nemendur temji sér stundvísi og mæti vel í skólann. Kennarar skólans skrá ástundun nemenda í Mentor. Skólinn lítur svo á að þjálfun í stundvísi og mætingum sé undirbúningur undir lífið. Mikilvægt er að foreldrar hringi á skrifstofu skólans strax að morgni ef um veikindi eða önnur forföll er að ræða. Foreldrar geta sótt um leyfi í einn dag til umsjónarkennara eða ritara. Þurfi nemendur leyfi í lengri tíma þarf að sækja um það skriflega á eyðublöðum sem liggja frammi í afgreiðslu skólans.

Kópavogsbær hefur sett fram sameiginleg viðmið fyrir alla grunnskóla varðandi ófullnægjandi skólasókn nemenda. Er þar átt við fjarveru nemenda vegna leyfa, veikinda eða óheimilla fjarvista. Viðmiðunarreglurnar eru myndrænar og þeim fylgja ágætтар útskýringar. Þær eru aðgengilegar á heimasíðu Smáraskóla á slóðinni <https://www.smaraskoli.is/aaetlanir-forvarnir/vidbrogd-vid-ofullnaegjandi-skolasokn/>

NEFNDIR OG RÁÐ

Skólaráð

Við grunnskóla skal starfa skólaráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, áætlanir um skólastarfið og annað faglegt starf skólans. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á

skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær eru teknar. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Skólanefnd, sbr. 6. gr., getur með samþykki sveitarstjórnar falið skólaráðum einstakra skóla ákveðin verkefni þessu til viðbótar.

Skólaráð er skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn, tveimur fulltrúum kennara ásamt einum fulltrúa annars starfsfólks í viðkomandi skóla, tveimur fulltrúum nemenda og tveimur fulltrúum foreldra, auk skólastjóra sem stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess. Skólaráð velur að auki einn fulltrúa grenndarsamfélags til að sitja í ráðinu eða viðbótarfulltrúa úr hópi foreldra. Aðstoðarskólastjóri situr einnig fundi skólaráðs í Smáraskóla. Auk reglulegra funda skal skólastjóri boða til sameiginlegs fundar skólaráðs og stjórnar nemendafélags að lágmarki einu sinni á ári.

Reglugerð um starfsemi skólaráða var sett af ráðherra í samráði við samtök sveitarfélaga, kennara og foreldra. Ráðið fundar að lágmarki sex sinnum yfir skólaárið.

Eftirtaldir fulltrúar sitja í skólaráði Smáraskóla 2024-25:

Börkur Vígþórsson skólastjóri
Anna Björg Ingadóttir aðstoðarskólastjóri
Berglind Brynjarsdóttir fulltrúi almennra starfsmanna
Rósa Dögg Ómarsdóttir fulltrúi kennara
Sigurbjörg Eyjólfssdóttir fulltrúi kennara
Guðrún Svava Baldursdóttir fulltrúi foreldra
Kristján Haukur Flosason fulltrúi foreldra
Pórey Davíðsdóttir 9. bekk fulltrúi nemenda
Brynja Guðlaugsdóttir 10. bekk fulltrúi nemenda

Nemendaverndarráð

Við Smáraskóla starfar nemendaverndarráð að velferð nemenda. Það er mikilvægur vettvangur kennara sem þurfa að leita stuðnings, samvinnu og ráðgjafar vegna vanda nemenda sinna. Nemendaverndarráð fjallar um mál einstakra nemenda. Hlutverk þess er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur sem eiga í vanda.

Í nemendaverndarráði Smáraskóla sitja: Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, deildarstjórar stiga og stoðþjónustu, námsráðgjafi, skólasálfræðingur og skólahjúkrunarfræðingur.

Umsjónarkennarar eru kallaðir inn eftir þörfum. Allir starfsmenn skólans og forráðamenn nemenda geta vísað málum til ráðsins.

Nemendaverndarráð fundar hálfsmánaðarlega á mánudögum og eru fundir færðir til bókar. Farið er með persónulegar upplýsingar samkvæmt reglum um meðferð trúnaðargagna.

SAMSTARF HEIMILA OG SKÓLA

Foreldrasamstarf er ákaflega mikilvægur þáttur í skólastarfi og hefur Smáraskóli notið krafta dugmikilla foreldra nemenda skólans á undanförunum árum. Óhætt er að segja að gott samstarf sé á milli heimilanna og skólans. Auk formlegs samstarfs og funda má nefna reglulegt samstarf milli umsjónarkennara og foreldra. Þar gegnir almenn tölvunotkun mikilvægu hlutverki þar sem kennarar nota óspart tölvupósta en nánast allir foreldrar eru tölvutengdir. Ekki má gleyma vikulegum viðtalstímum kennara og skipulögðum foreldra- og nemendasamtölum. Auk þessa eru foreldrar velkomnir í skólann hvenær sem er í samráði við kennara.

Góð samskipti foreldra og kenna eru lykilatriði varðandi nám og velferð barna í grunnskóla. Mikilvægt er fyrir báða aðila að skýr viðmið séu um hvernig þeim samskiptum er háttað og upplýsingum miðlað milli aðila. Með nýjum persónuverndarlögum eru einnig auknar kröfur um ýmislegt er þetta varðar.

Í ljósi þessa höfum við í Smáraskóla sett fram viðmið um samskipti foreldra og kenna. Viðmiðin hafa verið samþykkt af kennurum skólans og hafa einnig verið kynnt fyrir skólaráði ásamt því að hafa fengið umfjöllun og jákvæða umsögn í stjórn foreldrafélags skólans. Umrædd viðmið eru aðgengileg á heimasíðu skólans <https://www.smaraskoli.is/wp-content/uploads/sites/11/2020/11/Samskipti-foreldra-og-kennara-1.pdf>

Foreldrar með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn eru hluti af foreldrahópi Smáraskóla rétt eins og í samfélagi okkar allra. Notast er við Handbók um móttöku nemenda með annað móðurmál en íslensku í grunnskóla Kópavogs; [Handbók um móttöku nemenda með annað móðurmál en íslensku í Grunnskóla Kópavogs](#)

Við skólabyrjun, í foreldraviðtölum og á öðrum fundum er notast við túlkaþjónustu til að auðvelda samskipti við þá sem ekki hafa vald á íslensku. Við inntöku nýrra nemenda með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn leggja skólastjórnendur og kennarar sig fram um að kynna foreldrum gagnlegar upplýsingar, svo sem starfsemi og þjónustu frístundar, félagsmiðstöðva, íþrótt- og tómstundastarfs, upplýsingasíður o.fl.

Foreldrafélag

Við grunnskóla skal starfa foreldrafélag. Hlutverk foreldrafélags er að styðja skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimila og skóla. Foreldrafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð. Allir foreldrar/ forráðamenn nemenda eru félagar í foreldrafélaginu. Ef foreldrar/ forráðamenn vilja koma málum á framfæri við stjórnina er einfaldast að senda tölvupóst á viðkomandi.

Í stjórn foreldrafélags Smáraskóla skólaárið 2024 - 2025:

Guðmundur Ólafur Sigurðsson

Guðrún Lilja Tryggvadóttir

Guðrún Svava Baldursdóttir

Hildur Einarsdóttir

Kristján Haukur Flosason

Lísa Pétursdóttir

Stella Rún Steinþórsdóttir

Bekkjarfulltrúar: Tveir bekkjarfulltrúar foreldra eru í hverjum árgangi og er hlutverk þeirra m.a. að halda utan um starf tengt árganginum í samráði við kennara og með þátttöku annarra foreldra og mæta á aðalfund foreldrafélagsins.

Nefndir: Ýmsar nefndir starfa á vegum foreldrafélagsins. Þær verða skipaðar af foreldrum/forráðamönnum nemenda.

INNRA MAT

Skipulagning og framkvæmd innra mats í Smáraskóla hefur ekki verið með nægilega markvissum og skipulögðum hætti undanfarin skólaár.

Til þess að bæta úr því hefur skólinn gengið frá samningum um að innleiða Bravo -lesson gæðakerfi í skólastarfið og nota það til þess að leggja mat á gæði þess og setja fram umbótaáætlanir. Innleiðing kerfisins er í undirbúningi en sett verður verður fram matsáætlun til lengri og skemmri tíma á skólaárinu. Auk þess verður hafist handa við mat á afmörkuðum þáttum skólastarfsins og umbótaáætlun í kjölfar þess.

SÍMENNTUNARÁÆTLUN STARFSFÓLKS

Endurmenntunarverkefni skólans skólaárið 2024 - 2025 verða sem hér segir:

1. Unicef réttindaskóli og -frístund

Smáraskóli og frístundaheimilið Drekaheimar stefna að því að verða Unicef réttindaskóli og -frístund í samvinnu við félagsmiðstöðina Þebu og heldur formlegt innleiðingaferli áfram á skólaárinu Vinnan verður á formi samræðna, kortlagningar á stöðunni innan skólans og fræðslu til starfsfólks. Réttindaráð skóla, frístundar og félagsmiðstöðvar funda reglulega.

2. Uppeldi til ábyrgðar

Sameiginlegir starfsdagar skóla og frístundar verða nýttir til upprifjunar og fræðslu fyrir allt starfsfólk um uppbyggingarstefnuna sem er uppeldisstefna skólans.

3. Spjaldtölvur í námi og kennslu

Allir kennarar og nemendur skólans hafa aðgang að spjaldtölvum til að nota við kennslu og nám. Mikilvægt er að allir kennarar taki tillit til þess við þróun sinna kennsluhátta. Markviss jafningjafræðsla er í gangi og má þar nefna Menntabúðir sem er sameiginlegur vettvangur kennara í Kópavogi um notkun upplýsingatækni í skólastarfi. Starfandi er teymi í skólanum sem stýrir þessari endurmenntun ásamt stjórnendum skólans og hefur forgöngu um notkun spjaldtölvunnar og almennrar stefnumörkunar í þessu efni.

4. Teymiskennsla

Á vorönn 2019 var ákveðið að innleiða teymiskennslu í Smáraskóla. Lögð er áhersla á að allir kennarar skólans séu hluti af teymi sem vinnur saman að námi nemenda. Öll fræðsla og vinna að þessu verkefni er því ætluð öllum kennurum skólans. Lagt er upp með að kennarar stiga myndi lærdómssamfélög þar sem teymiskennsla verður tekin til markvissrar umræðu á deildafundum. Deildastjórar stiga sjá til þess að málefnið fái sess með reglubundnum hætti á deildarfundum.

5. Mánudagsfræðsla o fl.

Menntasvið Kópavogsbæjar stendur fyrir öflugum framboði fræðslu og símenntunarnámskeiða undir yfirskriftinni Mánudagsfræðslan og eru kennara skólans hvattir til að nýta sér hana. Þá eru fjölbreytt námskeið fyrir kennara í boði menntasviðs bæði fyrir kennara og annað starfsfólk í ágústmánuði ár hvert áður en skólastarf hefst

RÝMINGARÁÆTLUN

Í Smáraskóla er unnið skipulega eftir ákveðnum verkferlum ef rýma þarf húsið t.d. vegna eldsvoða. Æfingar eru 1 - 2 sinnum á skólaári. Fyrri æfingin er jafnan haldin í október ár hvert. Á þeim æfingum er farið yfir viðbrögð og rýming hússins æfð. Að loknum æfingum er farið yfir stöðu mála og fært til betri vegar það sem ekki heppnaðist nægjanlega vel á æfingunum. Allir starfsmenn skólans eiga að taka virkan þátt í og bera ábyrgð á brunavörnum í skólanum og koma með ábendingar um úrbætur til skólastjórnenda/ öryggisnefndar ef þurfa þykir. Öryggisnefnd skólans ber ábyrgð á að uppfæra áætlunina og samræma aðgerðir í skólanum.

Rýmingaráætlun og aðrar áætlanir um viðbrögð við vá er að finna á heimasíðu skólans <https://smaraskoli.is/aaetlanir> .